



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 312. fundur

Mánudaginn 28. október 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 08:30.

#### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Karen Halldórsdóttir (KH) og Ásgeir Sveinsson.

Helga Ingólfssdóttir fulltrúi Hafnarfjarðar boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

- 1) Fjárhags- og rekstraráætlun 2020-2024, áframhaldandi umræður.
- 2) Útboð á greiðslukerfi.
- 3) Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Fjárhags- og rekstraráætlun 2020.

Lögð fram drög að fjárhags- og rekstraráætlun ársins 2020 - 2024. Stjórn samþykkir að leggja drögin fyrir stjórn SSH til samþykktar. Drögin eru í samræmi við umræður sem fram fóru á síðasta eigendafundi.

##### 2. Útboð á greiðslukerfinu

Farið yfir minnisblað frá VSÓ ráðgjöf er varðar yfirferð tilboða vegna útboðs á rafrænu greiðslukerfi en fjórir aðilar skiluðu inn tilboði. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við lægstþjóðenda enda tilboðið undir kostnaðaráætlun.

##### 3. Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

Umræður um heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og hvaða markmið varða rekstur Strætó. Samþykkt að skoða nánar markmið 11, 12 og 13 með það að leiðarljósi að innleiða þau inn í stefnu Strætó.

---

Fundi slitið kl. 09:30

Fylgiskjöl: Fjárhags- og rekstraráætlun 2020 – 2024. Helstu niðurstöður fjárhags- og starfsáætlunar 2020. Minnisblað um greiðslukerfi



---

Björg Fenger

---

Hjálmar Sveinsson

---

Ásgeir Sveinsson

---

Karen Halldórsdóttir

---

Sigrún Edda Jónsdóttir